




Vinnustund í Uglu

Þegar þið hafið skráð ykkur inn í Uglu þá smellið þið á vinnustundartáknið efst í hægra horninu til að opna stimpilkukkuna. Þar sjáið þið strax hvort þið eruð skráð inn eða ekki. Smellið á takkann til að skrá ykkur inn eða út. Þið fáið um leið skilaboð um hvort skráning hafi tekist.



Þegar þið eruð skráð inn þá getið þið séð hversu mikið þið hafið unnið miðað við 8 klst. Þessu er hægt að breyta þar sem ekki allir eru með 8 klst. vinnudag. Smellið á „stillingar“ neðst í glugganum og færið svo hringinn til eða skrifið tímafjöldann í reitinn og smellið á „vista“.



Ef þið þurfið að leiðrétta Vinnustund hjá ykkur þá er tengill í glugganum (sjá mynd efst) sem færir ykkur á réttan stað.

Vinnustund í SmáUglu.

Til að geta notað SmáUgluna þá þurfið þið að vera með appið [parað við Ugluna](#). Smellið á línurnar þrjár í appinu og veljið „Vinnustund“. Þar birtist þá takki „Skrá inn“ eða „Skrá út“ eftir því sem við á. Þið fáið skilaboð á skjáinn um hvort skráning hafi tekist.

